

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 95/2007**

**frá 6. júlí 2007**

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2007 frá 27. apríl 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/68/EB frá 6. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/91/EBE að því er varðar stofnun hlutafélaga og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE) í XXII. viðauka við samninginn:

„– **32006 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/68/EB frá 6. september 2006 (Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 32).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/68/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. júlí 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 82, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 52.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 32.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 6. júlí 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.